

REGLUR

Reiknistofu bankanna hf. (RB)

um aðgang að RB Grunni

I. KAFLI

Almennt

1. Gildissvið. Tilgangur

- 1.1. Reglur þessar gilda um aðgang að RB Grunni. Með RB Grunni er vísað til vara sem sem mynda stoðir undir annan fjármálahugbúnað sem í boði er hjá RB. Hér undir falla meðal annars fasteigna- og nafnaskrá, bankatafla og vaxta- og gjaldskrárbreytingarkerfi.
- 1.2. Í þeim tilvikum sem virkni RB Grunns byggir upplýsingakerfi í eigu þriðja aðila, skal þátttakandi tryggja og bera ábyrgð á að hann hafi heimild til að nota slík ytri kerfi.
- 1.3. Tilgangur þessara reglna er að tilgreina þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að fá aðgang að því kerfi sem reglur þessar taka til. Reglunum er ætlað að tryggja hlutlægni, gagnsæi og skilvirkni við veitingu aðgangsins, mat á umsóknum og afgreiðslutíma þeirra, lokun aðgangs o.s.frv. Þá er reglunum ætlað að stuðla að virkri samkeppni.

Reglurnar miða að því að aðgangi að því kerfi sem reglur þessar taka til sé ekki hamlað meira en nauðsynlegt er til að verjast tiltekinni áhættu, s.s. uppgjörs-, rekstrar-, eða viðskiptaáhættu, sem og til þess að vernda fjárhagslegan og rekstrarlegan stöðugleika og skilvirkni viðkomandi kerfis.

II. KAFLI

Þátttakendur

2. gr. Þátttakendur

- 2.1. RB tekur ákvörðun um aðild eða synjun nýrra þátttakenda að því kerfi sem reglur þessar taka til og lok þátttöku aðila sem fyrir eru í kerfinu á grundvelli þessara reglna, ákvæða laga og fyrirmæla stjórnvalda sem varða reglur þessar á hverjum tíma.

Ákvarðanir RB um aðild, mat á þáttökuskilyrðum, synjun og lok þátttöku í kerfinu, skulu byggðar á málefnalegum og hlutlægum forsendum, auk þess sem jafnræðis skal gætt.
- 2.2. Þátttakendur að kerfi sem reglur þessar fjalla um geta verið fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem uppfylla að öðru leyti þáttökuskilyrði samkvæmt reglum þessum og hafa hlotið samþykki RB til aðgangs að kerfinu.
- 2.3. Grein 2.2. á einnig við um erlend fjármálafyrirtæki í sambærilegri starfsemi og segir í grein 2.2., sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. nánar ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

3. gr. Tengiliðir

- 3.1. Þátttakendur skulu afhenda RB lista yfir starfsmenn (tengiliði) sem unnt er að hafa samband við meðal annars vegna breytinga á reglum þessum eða ef upp koma vandamál tengd rekstri eða þjónustu kerfis sem reglur þessar taka til. Listarnir skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðar.
- 3.2. Þátttakendur bera ábyrgð á því að listar samkvæmt framangreindu séu réttir og uppfærðir.

III. KAFLI

Þáttökuskilyrði. Aðgangsfærlíð

4. gr. Þáttökuskilyrði

- 4.1. Þátttakendur skulu uppfylla eftirtalin skilyrði til þess að teljast hæfir til aðildar að því kerfi sem reglur þessar fjalla um:
- a. Uppfylla á hverjum tíma skilyrði reglna þessara,
 - b. lúta opinberu eftirliti stjórnvalds á Evrópska efnahagssvæðinu,
 - c. hafa gilt starfsleyfi viðkomandi eftirlitsstofnunar og uppfylla allar þær kröfur sem stofnunin gerir fyrir veitingu slíks leyfis,
 - d. uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til reksturs upplýsingatækniherfa eftirlitsskyldra aðila, sbr. m.a. ákvæði leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins um rekstur upplýsingatækniherfa eftirlitsskyldra aðila,
 - e. hafa yfir að ráða tryggu eftirlitakerfi með áhættu í tengslum við þáttöku í því kerfi sem reglur þessar gilda um, viðbragðsáætlun og fyrirkomulagi vegna áhættustýringar í tengslum við þáttöku í viðkomandi kerfi,
 - f. starfrækja prófunarumhverfi til að prófa allar breytingar á þeim kerfum sem eiga samskipti við það kerfi sem reglur þessar gilda um. Prófanir skulu fara fram áður en viðbætur eru teknar í notkun og bera þátttakendur ábyrgð á eigin kerfisprófunum,
 - g. bera ábyrgð á starfsemi þriðja aðila ákvæði þátttakandi að útvista einstökum verkþáttum sem tengjast notkun kerfis sem reglur þessar gilda um,
 - h. taka þátt í skipulögðum viðtökuprófunum og viðbúnaðaræfingum og koma sér upp viðbúnaðaráætlunum vegna tengingar og samskipta við kerfi sem reglur þessar gilda um sé þess óskað af RB,
 - i. hafa greitt þáttökugjald vegna kerfis sem reglur þessar gilda um,
 - j. hafa undirritað samning um þáttöku í því kerfi sem reglur þessar gilda um.
- 4.2. Tilgreind þáttökuskilyrði, sbr. liður 4.1., kunna að taka breytingum. Þátttakendur skulu að jafnaði vera búnir að uppfylla breytingar á þáttökuskilyrðum innan þriggja mánaða frá því að þeim er tilkynnt um breytingar. Allar breytingar á skilyrðunum skulu vera hlutlægar og málefnalegar, auk þess sem jafnræðis skal gætt.

5. gr. Aðgangsfærlíð

- 5.1. Umsækjendur sem uppfylla skilyrði reglna þessara geta sótt um aðild að því kerfi sem reglur þessar gilda um. Umsókn skal vera skrifleg. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem staðfesta að umsækjandi uppfylli skilyrði reglna þessara. RB skal innan 7 daga staðfesta móttöku umsóknarinnar. Gert er ráð fyrir að aðild verði að jafnaði staðfest innan átta vikna frá dagsetningu fullgildrar umsóknar teljist skilyrði reglna þessara uppfyllt.
- 5.2. Þátttakendur sem fá aðild að kerfi sem reglur þessar taka til skulu í upphafi greiða tengigjald samkvæmt gildandi gjaldskrá RB hverju sinni og gera skriflegan samning við RB um þáttökugjald fyrir þá þjónustu sem veitt er.
- 5.3. Í þjónustusamningi sem gerður er á milli RB og þátttakanda um aðgang skal sjónarmiða um jafnræði þátttakanda gætt.
- 5.4. RB getur á hverjum tíma óskað eftir frekari gögnum og staðfestingum frá þátttakanda sem RB telur nauðsynleg, meðal annars til að fá staðfestingu á því að hann uppfylli skilyrði þessara reglna.

IV. KAFLI

Lokun aðgangs

6. gr.

- 6.1. Ef stöðugleika kerfis sem reglur þessar taka til er ógnað, þátttakandi í viðkomandi kerfi brýtur og/eða uppfyllir ekki reglur þessar eða lög um fjármálafyrirtæki getur RB lokað aðgangi þátttakanda að kerfinu, enda hafi þátttakandi ekki sinnt áskorunum um úrbætur innan eðlilegra tímamarka.
- Bregðist þátttakandi ekki við áskorunum í samræmi við framangreint er RB heimilt að rifta þáttökusamningi án frekari fyrirvara.
- 6.2. RB getur sett þátttakanda, sem svo er ástatt um sem segir í grein 6.1., tímabundin skilyrði fyrir áframhaldandi þátttöku í því kerfi sem reglur þessar taka til, enda mæli sérstök sjónarmið með því. Slík skilyrðasetning kemur ekki í veg fyrir að RB synji þátttakanda síðar um þátttöku.
- 6.3. Við sérstakar aðstæður, t.d. vegna þess að aðgangur þátttakanda veldur truflunum, skapar hættu eða ógnar stöðugleika kerfisins á einhvern hátt, er RB heimilt, án fyrirvara, að loka aðgangi þátttakanda að kerfi sem reglur þessar gilda um tímabundið. Sama gildir ef brot þátttakanda er sérstaklega alvarlegt að mati RB. Lokun samkvæmt ákvæði þessu skal aldrei vara lengur en þörf er á.
- RB skal í slíkum tilfellum leitast við eftir fremsta megni að hafa samband við tengilið þátttakanda áður en gripið er til aðgerða samkvæmt framansögðu.
- 6.4. RB skal hafa sjónarmið um hlutlægni, jafnræði og meðalhóf til hliðsjónar við töku ákvarðana um lokun aðgangs. Þannig skal ákvörðun RB að jafnaði vera rökstudd og tekin að undangengnum andmælarétti þátttakanda.
- 6.5. Komi til þess að úrræðum samkvæmt þessum kafla sé beitt skal RB tilkynna um það til Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.

V. KAFLI

Breytingar og endurskoðun

7. gr.

- 7.1. RB hefur heimild til að breyta reglum þessum. Auk þess kunna brýnar öryggiskröfur, breytingar á lögum, fyrirmæli eða ákvarðanir stjórnvalda að kalla á breytingar á reglunum.
- 7.2. Breytingar skulu tilkynntar tengiliðum með sannanlegum hætti, t.d. með tölvupósti, áður en ný eða breytt ákvæði taka gildi.
- 7.3. Tilkynna skal um allar breytingar á reglum þessum til þátttakanda og skulu þær ekki taka gildi fyrr en að 30 dögum liðnum hið skemmsta frá því að tilkynning um breytingu átti sér stað, nema brýnar öryggiskröfur, breytingar á lögum, fyrirmæli eða ákvarðanir stjórnvalda feli í sér styttri frest.

VI. KAFLI Önnur ákvæði

8. gr. Upplýsingagjöf

- 8.1. Þátttakendur skulu tilkynna RB um öll mikilsverð tilvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi þess kerfis sem reglur þessar taka til. Varði röskun hagsmuni annarra þátttakenda í kerfinu er RB skylt að upplýsa þá um slík tilvik. RB ber ekki ábyrgð á tjóni, hvorki beinu né afleiddu, sem kann að leiða af framangreindu.

9. gr. Gildistaka

- 9.1. Reglur þessar öðlast þegar gildi.
- 9.2. Reglur þessar og breytingar á þeim eru birtar á heimasíðu RB, www.rb.is.